



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn, 13. júlí, 2006

Ákvörðun nr. 31/2006

Samruni Húsasmiðjunnar hf. og Sindra-KHB byggingavara ehf.

1.

Með bréfi Árna Vilhjálmssonar hrl., dags. 15. mars 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Húsasmiðjunnar hf. (hér eftir nefnt Húsasmiðjan) og Sindra-KHB byggingavara ehf. (hér eftir nefnt Sindri-KHB). Um er að ræða kaup Húsasmiðjunnar á viðskiptavild, vörulager og lausafé Sindra-KHB. Í bréfinu kemur fram að félögin muni sameina rekstur byggingavöruverslana sinna á Reyðarfirði og á Egilsstöðum. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Samrunaskránni fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 1. mars 2006, ársreikningar félaganna, ásamt öðrum gögnum.

Með bréfi, dags. 12. apríl 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði. Þá hefur Samkeppniseftirlitið óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá málsaðilum, sem og keppinautum samrunaaðila.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að starfsemi Húsasmiðjunnar felist í innflutningi, innkaupum og smásölu á byggingaefnum og skyldum vörum. Um helmingur veltu vegna þessarar starfsemi sé vegna þungavöru (timbur, stál, járn, plötur o.fl.) og um helmingur vegna verslunarvöru (annað byggingaefni og önnur verslunarvara). Um starfsemi Sindra-KHB segir að tilgangur þess félags sé innflutningur og smásöluverslun ásamt lánastarfsemi og rekstri fasteigna og allur annar skyldur rekstur.

Í tilkynningunni kemur fram að markmið samrunans sé aukin hagræðing í innkaupum og aukin hagkvæmni í rekstri af þeirri stærðargráðu sem núverandi gróska á Austurlandi krefjist, en mikil eftirspurn eftir byggingavörum sé á

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Austurlandi vegna virkjanaframkvæmda. Í tengslum við sameininguna hafi félagin jafnframt náð samkomulagi um byggingu nýrrar verslunar sem muni m.a. hýsa hinn sameinaða byggingavörurekstur í 2500m² húsi í nýja miðbænum á Egilsstöðum. Þá muni byggingavöruverslun Sindra-KHB á Reyðarfirði einnig vera rekin undir nafni Húsasmiðjunnar til að þjóna sérstaklega atvinnustarfseminni í tengslum við nýtt álver við Reyðarfjörð.

3.

Samruni Húsasmiðjunnar og Sindra-KHB flokkast undir láréttan samruna þar sem báðir aðilar eru starfandi á sama stölustigi. Því er ljóst að samlegðaráhrifa muni gæta í meginstarfsemi samrunafélaganna, sem er sala á byggingarvörum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, sem aflað var, er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast frekar vegna samruna Húsasmiðjunnar og Sindra-KHB.

Ákvörðunarorð:

„Með samningum, dags. 1. mars 2006, keypti Húsasmiðjan hf. viðskiptavild, vörulager og lausafé Sindra-KHB byggingavara ehf. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson